

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Selfossi 9. apríl 2003

**Efni: Umsögn um frumvörp til ábúðarlaga og jarðalaga.**

Lánasjóði landbúnaðarins hafa borist til umsagnar frumvörp ábúðarlag og jarðalaga.

Hvað varðar frumvarp til ábúðarlaga, gerir sjóðurinn fyrir sitt leyti engar athugasemdir við frumvarpið.

Hvað varðar frumvarp til jarðalaga, gerir sjóðurinn þá athugasemd við ákvæði I til bráðabirgða, að í því sé ekki tekið með fullnægjandi hætti á málefnum óðalsjarða. Sjóðurinn gerir þó ekki athugasemdir við texta frumvarpsins sem slíkan, en telur að ekki sé nægilega langt gengið í þá átt að leysa vanda ýmissa óðalsbænda. Ákvæðið kveður hvorki á um rétt eða möguleika óðalsbænda til að fá óðalsbönd felld niður strax, né veitir þeim rétt til að veðsetja jarðir sínar vegna kaupa á vélum, bústofni eða vegna ætliðaskipta.


Sjóðurinn leggur því til að að eftirfarandi efnislegum texta verði bætt í ákvæði til bráðabirgða I í frumvarpinu:

**“Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu vegna byggingar eða kaupa á hverskonar mannvirkjum eða framleiðslutækjum sem rekstur viðkomandi bús þarfnast. Einnig er heimilt að veðsetja ættaróðal vegna lántöku við ætliðaskipti.**

**Ef óðalsbóndi hefur búið á og haft vörslur óðalsjarðar samfleytt í 20 ár, getur hann óskað eftir að jörðin verði leyst úr óðalsböndum án þess að fyrir liggja samþykki erfingja hans eða annarra sem rétt kunna að eiga til óðalsins skv. ákvæðum VII. kafla jarðalaga nr. 65/1976 með síðari breytingum”.**

Að öðru leyti gerir Lánasjóðurinn ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. Lánasjóðs landbúnaðarins,

  
Guðm. Stefánsson

Austurvegi 10, 800 Selfoss

Kennitala: 491079-0299

Sími: 480 6000

Bréfasími: 480 6001

Netfang: llb@llb.is

Veffang: www.llb.is